

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
	25.06.20
	9.33
Mál nr.	2006575



Gunnar Einarsson bæjarstjóri
Bæjarskrifstofum Garðabæjar
Ráðhúsi Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

22.6.2020

Varðar: Beiðni um að hefja vinnu við gerð deiliskipulags

Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa (StLO) leggur hér með fram ósk um að fá leyfi til að hefja vinnu við gerð deiliskipulags fyrir útivistarsvæði í Urriðakotshrauni í Urriðavatnsdölum í Garðabæ, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landið sem um ræðir er í eigu StLO og fellur innan hverfisverndarsvæðis 5.20-Hv í aðalskipulagi Garðabæjar. Stefna Garðabæjar er sú að þetta hverfisverndarsvæði verði friðlýst sem fólkvangur og er það sameiginlegur vilji StLO og yfirvalda í Garðabæ að vinna saman að þessari friðlýsingu.

Samráðshópur vegna friðlýsingar Urriðakotshrauns sem fólkvangs, sbr. ákvæði hverfisverndarsvæðis 5.20-Hv, hóf störf í maí 2019. Í skipulagsákvæðum um 5.20-Hv, Urriðakotshraun segir: „Ef það er í samræmi við friðlýsingarreglur fyrirhugaðs fólkvangs þá er mögulegt að leggja golfbrautir um lægð í hrauninu (Flatahraun) næst golfvelli enda raski þær ekki hraunmyndunum né dragi úr verndargildi hraunsins.“

Ákveðið hefur verið að fara nýjar leiðir í friðlýsingarferlinu og samhliða unnið að gerð deiliskipulags, stjórnunar- og verndaráætlunar og friðlýsingar. Í þessari deiliskipulagsvinnu verði landnotkun á svæðinu því mótuð í samstarfi við Garðabæ og Umhverfisstofnun, um leið og friðlýsingarákvæði verða mótuð. Þannig verði stuðlað að góðu samspili útivistar og viðhalds þeirra náttúru- og menningarminja sem einkenna þetta einstaka svæði og gefa því sérstöðu.

Styrktar- og líknarsjóður hefur mótað meginhugmyndir um þróun Urriðavallar með legu golfbrauta og útivistarstíga í Urriðakotshrauni. Gert er ráð fyrir að þær verði útfærðar nánar í þessari deiliskipulagsvinnu. Fyrirliggjandi hugmyndum StLO og forsendum er nánar lýst í hjálagðri greinargerð *Skipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum. Greinargerð Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa um forsendur landnýtingar* (dags. 21.2.2020). Greinargerðin var unnin sem hluti af friðlýsingarvinnunni til upplýsingar fyrir mat Umhverfisstofnunar á áhrifum þess

að leggja golfbrautir innan hraunflata og á línuvegi í Urriðakotshrauni. Þannig gæti stofnunin tekið af öll tvímæli um hvort þær geti rúmast innan friðlýsingarskilmála.

Fjallað hefur verið um greinargerðina í umhverfisnefnd og skipulagsnefnd Garðabæjar og liggur fyrir umsógn Umhverfisstofnunar um áhrif golfbrauta í Urriðavatnshrauni (dags. 22.05.2020). Niðurstöður Umhverfisstofnunar eru:

Samkvæmt 52. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er heimilt að friðlýsa landsvæði til útivistar og almenningsnota sem fólkvang. Skal verndun svæðisins miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Urriðakotshraun fellur undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd um sérstaka vernd og forðast ber að raska jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til. Umhverfisstofnun telur að sú tillaga að uppbyggingu golfvalla sem hér um ræðir í Urriðakotshrauni bendi til óverulegrar röskunar á hrauninu og geti fallið undir starfsemi fólkvangs sé þess gætt að aðgengi almennings um svæðið sé ekki skert og að hrauninu verði sem minnst raskað.

Framangreind umsógn Umhverfisstofnunar fékk umfjöllun í skipulagsnefnd þann 28. maí s.l. og í umhverfisnefnd Garðabæjar þann 10. júní s.l., þar sem henni var vísað til úrvinnslu í samráðsteymi um friðlýsingar í Garðabæ.

Ósk Styrktar- og líknarsjóðs um gerð deiliskipulags samhliða friðlýsingarvinnu, byggir á framangreindu og að megin línur í deiliskipulagi verði lagðar í samráðsteyminu um friðlýsingu fólkvangs í Urriðakotshrauni.

Deiliskipulagið sem hér um ræðir væri nýtt deiliskipulag fyrir svæði fólkvangsins en lagt er til að endanleg mörk deiliskipulagsins verði ákveðin í þeirri friðlýsingar- og skipulagsvinnu sem framundan er í samstarfi við Garðabæ og Umhverfisstofnun. Samhliða gerð nýs deiliskipulags fyrir svæði fólkvangsins, verði unnið að endurskoðun á gildandi deiliskipulagi fyrir golfvöllinn (frá árinu 1991) og tryggt að þessar tvær deiliskipulagsáætlanir falli saman.

Það er von Styrktar- og líknarsjóðs að Garðabær taki vel beiðni sjóðsins og að heimild fáið fyrir því að hefja deiliskipulagsgerð nú í júní.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan, Steindór Gunnlaugsson, formann Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa ef frekari upplýsinga er óskað.

F.h. framkvæmdaráðs Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa, með vinsemd og virðingu,

Steindór Gunnlaugsson, formaður





Fylgiskjöl:

- ☐ Skipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum. Greinargerð Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa um forsendur landnýtingar. Dags. 21.2.2020.
- ☐ Umsögn Umhverfisstofnunar um áhrif golfbrauta í Urriðavatnshrauni, dags. 22.05.2020.